

Hefting á útbreiðslu ágengra plöntutegunda í Mývatnssveit



Stöðuskýrsla 2019

Árni Einarsson, Daði Lange, Davíð Örvar Hansson, Hilda Kristjánsdóttir, Hjördís Finnbogadóttir, Sigurður Böðvarsson og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

Október 2019

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Undirbúningur	3
3. Framkvæmd.....	4
3.1. Skógarkerfill.....	4
3.2. Alaskalúpína	5
3.3. Njóli	5
3.4. Þistill	5
4. Að lokum.....	5
Viðauki 1.....	7
Viðauki 2.....	8

1. Inngangur

Í byrjun árs 2019 fór umhverfisnefnd Skútustaðahrepps þess á leit við fimm aðila að þeir, ásamt Skútustaðahreppi, mynduðu starfshóp um aðgerðir um upprætingu og heftingu á útbreiðslu kerfils, lúpínu og njóla í sveitarfélaginu. Fulltrúar Skútustaðahrepps í hópnum voru tilnefndir Sigurður Böðvarsson, formaður og Hjördís Finnbogadóttir.

- Fjöregg tilnefndi Hildu Kristjánsdóttur
- Umhverfisstofnun tilnefndi Davíð Örvar Hansson
- RAMÝ tilnefndi Árna Einarsson
- Landgræðslan tilnefndi Daða Lange
- Náttúrustofa Norðausturlands tilnefndi Sigprúði Stellu Jóhannsdóttur

Hópurinn hittist alls 5 sinnum og fundaði dagana 21. mars, 4. apríl, 26. apríl, 24. Júní og 25. október. Einnig hitti hann umhverfisnefnd Skútustaðahrepps á fundi þann 6. maí. Á þeim fundi var ákveðið að sveitarstjóri myndi senda Þingeyjarsveit erindi varðandi ágengu tegundirnar, alaskalúpínu og skógarkerfil, sem eru að dreifast hratt meðfram þjóðvegi úr Reykjadal.

2. Undirbúningur

Starfshópurinn kortlagði útbreiðslu kerfils og fékk aðstoð Landgræðslunnar við kortlagningu lúpínu. Í apríl var ennfremur óskað eftir upplýsingum frá almenningi um hvar ágengar tegundir væri að finna í sveitarfélaginu og bárust hópnum bæði skriflegar og munnlegar ábendingar um fundarstaði.

Út frá fyrirliggjandi gögnum forgangsraðaði hópurinn aðgerðum gegn skógarkerfli og lúpínu en ákvað að hvetja landeigendur til að uppræta njóla og þistil á sínu landi. Sumarið 2019 var lögð áhersla á að uppræta skógarkerfil og lúpínu innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og á svæðum með sérstæðum jarðmyndunum.

Verkefnið var kynnt á heimasíðu Skútustaðahrepps í apríl ásamt leiðbeiningum við að uppræta tegundirnar; lúpínu, skógarkerfil, njóla, og þistil sem hópurinn ákvað að yrði tekinn með í þessu átaki. Sjá einnig á <http://www.skutustadahreppur.is/v/20527>

Í maí var landeigendum og umráðamönnum lands sent bréf þar sem hópurinn óskaði eftir samstarfi um aðgerðir á landi viðkomandi (Viðauki 1). Alls voru send út 16 bréf. Í júní óskaði hópurinn einnig eftir leyfi landeigenda Reykjahlíðar til að slá lúpínu í og við Jarðbaðshóla sunnan Austurlandsvegur. Svör bárust frá flestum landeigendum sem ýmist óskuðu aðstoðar eða leiðsagnar við upprætingu en einn ætlaði að annast eyðinguna sjálfur. Nokkrir sáu sér ekki fært að taka sjálfir þátt að þessu sinni en gáfu leyfi fyrir aðgerðum. Leyfi fékkst frá landeigendum Reykjahlíðar um miðjan júlí til að slá lúpínu sunnan Austurlandsvegur.

Eftirtaldir aðilar komu með ábendingar og/eða buðu fram aðstoð sína:

- Birkir Fanndal
- Ólöf Hallgrímsdóttir
- Þorsteinn Aðalsteinsson
- Gunnar Þór Gunnarsson
- Inger Jónsdóttir
- Elín Einarsdóttir
- Laufey Sigurðardóttir
- Þóroddur Þóroddsson
- Ingibjörg Björnsdóttir

- Hólfríður Jónsdóttir
- Bergþóra Eysteinsdóttir
- Sólveig Jónsdóttir og Benedikt Sveinbjörnsson

3. Framkvæmd

Aðgerðir hófust í byrjun maí og stóðu fram til loka ágúst. Ýmis tæki og tól voru notuð til verksins og voru þau fengin frá landeigendum, stofnunum og sjálfboðaliðum sem komu að verkefninu. Við slátt var notast við bensínorf, gamaldags orf og ruddasláttuvél á sexhjólum var notuð við lúpínuslátt á Hólasandi. Ruddasláttuvélin, sem er í eigu Norðurþings, hentar vel þar sem lúpínan er þétt en síður þar sem hún er gisin. Plöntur voru stungnar upp með stunguspöðum. Landeigendur útveguðu báta og bensín til að komast í eyjar og hólma. Í töflu 1 má sjá á hvað mörgum svæðum var unnið og hversu mörg dagsverk voru skráð við heftingu og eyðingu framandi og ágengra tegunda í Skútustaðahreppi sumarið 2019 (8 klst er í dagsverki). Hugsanlega vantar einhver dagsverk í töfluna. Sjá nánar í Viðauka 2.

Fjöldi svæða	Svæði með skógarkerfli	Svæði með lúpínu	Fjöldi dagsverka
32	23	10	61,375

1. tafla. Fjöldi svæða sem unnið var á í Skútustaðahreppi sumarið 2019 og fjöldi skráðra dagsverka.

3.1. Skógarkerfill

Fyrri hluta sumars var skógarkerfill stunginn upp en þegar líða tók á sumarið var hann sleginn og reittur til að koma í veg fyrir fræmyndun. Erfitt er að koma sláttutækjum að á flestum svæðum. Auk þess var gerð tilraun með salt á þremur stöðum en árangur af því á eftir að koma í ljós. Helstu svæði sem unnið var á voru Geiteyjarströnd og eyjar, hólmar þar fyrir utan, Reykjahlíð og Arnarvatn. Auk þess var unnið á nokkrum stöðum þar sem minna er af kerfli (Viðauki 2). Landeigendur komu að verkefninu ásamt ýmsum sjálfboðaliðum, innlendum og erlendum.

Miðvikudaginn 5. júní tóku fimmtán nemendur á aldrinum 15 – 18 ára og þrjár kennarar þeirra við Providence Day School þátt í að stinga upp skógarkerfil í landi Arnarvatns og Geiteyjarstrandar (sjá 1. mynd). Sjá einnig frétt um verkefnið á <http://www.skutustadahreppur.is/v/20560>

Um miðjan júní tók sjö manna hópur góða törn í að stinga upp kerfilsrætur vestan við hús Elínar á Kálfaströnd. Þetta voru nemar frá háskólanum í Wisconsin-Madison, BNA á vegum RAMÝ og prófessorinn þeirra Anthony Ragnar Ives. Sjá frekar á



1. mynd. Sjálfboðaliðar stinga upp kerfil.

<https://www.facebook.com/photo.php?fbid=2402683246448650&set=pcb.2402687336448241&type=3&theater>

Í annarri viku júlí veittu nokkrir félagar í Fjöreggi mikilvæga aðstoð við að reita kerfil í eyjum og hólum við austurbakka Mývatns. Sjálfboðaliðar úr Fjöreggi hafa sinnt þessu verki í nokkur sumur.

Auk þess komu sjálfboðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar að verkinu.

3.2. Alaskalúpína

Alaskalúpína var ýmist slegin eða reitt. Þar sem voru stakar plöntur var hún stungin upp með rótum. Helstu svæði sem unnið var á voru norðan við Sandvatn, Reykjahlíð, Námaskarð og Jarðbaðshólar. Einnig voru upprættar dreifðar plöntur í landi Arnarvatns sunnan Þjóðveggar (Viðauki 2). Lúpínan við Jarðbaðshóla, sunnan Austurlandsveggar, var slegin seint um sumarið.



2. mynd. Lúpínusláttur við Sandvatn sumarið 2019.

3.3. Njóli

Eins og fyrr segir var uppræting njóla að mestu lögð í hendur landeigendum. Njólinn vex mjög vel á ábornu og næringarríku landi og eru uppsprettur víða heim við bæi. Milli Skipalækjar og Grænalækjaróss, þó aðallega milli Fellshóls og Arnarbælis, var talsvert af njóla í fjörunni. Hann var grafinn upp með rótum og fjarlægður. Einnig var njóli stunginn upp við Stakhólstjörn.

3.4. Þistill

Fylgst var með þistli en svo virtist sem tíðafarið hefði komið í veg fyrir að hann næði að þroskast í sumar.

4. Að lokum

Verkefnið fékk allnokkra umfjöllun í fjölmiðlum og 1. apríl og 12. júní voru viðtöl við Daða Lange í hádegisfréttum RÚV. Sjá einnig á <https://www.ruv.is/frett/skera-upp-heror-gegn-illgresi-i-myvatnssveit> og <https://www.ruv.is/frett/uppraeting-kerfils-hafin>

Einnig höfðu einstaklingar samband við hópinn eftir útvarpsviðtöl og veittu ráðleggingar til eyðingar kerfils, t.d. með salti.

Ljóst er að vandamálið er vaxandi og umfang verkefnisins mjög mikið. Virkja þarf almenning betur og leggja meiri kraft og vinnu í verkefnið. Kortleggja þarf betur árangur aðgerða og auka samhæfingu og eftirfylgni með einstökum aðgerðum. Hópurinn telur því mikilvægt að fenginn verði verkefnastjóri til að hafa yfirsýn og stýra verkinu með markvissum hætti.

Lagt er til að tvö svæði, lúpínusvæði við Sandvatn og kerfilssvæði við Geiteyjarströnd (strönd, eyjur og hólmar) verði hnitúð og kortlögð nákvæmlega. Það yrði gert til að fylgjast betur með árangri aðgerða, ekki síst árangri af mismunandi aðgerðum.

Hópurinn leggur til að haldinn verði opinn kynningarfundur fyrir íbúa í apríl 2020. Sá fundur verði mögulega haldinn í samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamtök sem starfa á sama sviði í Mývatnssveit.

Hópurinn vill minna á að þetta er aðeins upphafið að mjög stóru verkefni. Það er mikið enn eftir óunnið og nauðsynlegt að halda stöðugt áfram. Þetta er eingöngu verkefni, ekki vandamál.

Viðauki 1

Nafn viðkomandi landeigenda

Skútustaðahreppur setti nýlega á laggirnar starfshóp sem ætlað er að semja áætlun um að halda ágengum plöntutegundum í skefjum og útrýma þar sem við á með samhentu átaki. Auk fulltrúa sveitarfélagsins er í hópnum fólk frá Landgræðslunni, Náttúrustofu Norðausturlands, RAMÝ, Umhverfisstofnun og Fjöreggi, félagi um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit. Hópurinn ætlar til að byrja með að einbeita sér að skógarkerfli og alaskalúpínu en njóli og þistill eru einnig á verkefnalistanum.

Aðgerða er þörf áður en útbreiðsla plantnanna fer úr böndum. Til að byrja með leggur hópurinn áherslu á að uppræta plöntur innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og á svæðum með sérstæðum jarðmyndunum. Einnig þar sem plöntur eru fáar og uppræting því auðveld.

Hér komi tilvísun í efni frá hópnum á heimasíðu hreppsins.

Hér með er óskað eftir samstarfi við þig/ykkur/landeigendafélagið um aðgerðir gegn skógarkerfli/lúpínu á/í (tilgreina staði í landareign hvers viðtakanda). Til þess að sem bestur árangur náist er mikilvægt að þú/þið/landeigendafélagið hafi samráð við starfshópinn þannig að hægt sé að meta með hvaða hætti upprætingin verði skipulögð og hver sinni henni.

Svars er góðfúslega óskað fyrir 1. júní 2019. Hafðu samband við: Sigga á gautlond@simnet.is eða í síma 897-7811, Daða á dadi@land.is eða í síma 894-4215 eða Davíð á myvatn@ust.is eða í síma 822-4039.

Með góðri kveðju,

Viðauki 2

Svæði og staðsetning aðgerða	Landeigendur - umráðaaðilar lands	Plöntu- tegund	Verndarsvæði		Utan		Umfang					Aðferð	Hverjir unnu	Klst.	Mat á árangri og æskilegar aðgerðir	
			Eyjar/ hólmar	Vatns- bakkar	Sérstætt gróðurfar	Jarð- myndanir	Stakar plöntur	Litlar eyjar	Stórar eyjar	Breiður	Athugasemd					
Grímsstaðir/ Kvenfélag	Grímungar/ Kvenfélag	Lúpína		Á leið							Já	Hringlaga rjóður	Orfláttur	Sjálfbóðaliðar UST	40	Hreinsað vel einu sinni
Randargirðing	Garðar G. og fl.	Lúpína									Já	N og A Hamarsk.	Orfláttur	Sjálfbóðaliðar UST	32	
Hamarsland m.m.	Garðar G. og fl.	Lúpína		Langir b.	Skógar- rönd				já	já	Já	V og N af Litlakíl	Vésláttur/ orfláttur	Sjálfbóðaliðar UST	96	
Hamarsland m.m.	Garðar G. og fl.	Lúpína		Langir b.	Skógar- rönd				já	já	Já	V og N af Litlakíl	Orfláttur/ reitt	Fjöregg	30	
Reykjahlíðarland	Landeigendur Reykjahlíðar	Lúpína og kerfill										Samtíningur: við sumarhús Jóns Friðriks, Bjarnarflag Jarðbaðshólar og sunnan Þjóðveggar, Sniðill,	Orfláttur	Landsvirkjun og landverðir	32	
Rhlið Bjarnarflag og Námaskarð	Landeigendur	Lúpína											Orfláttur	Landsvirkjun	40	
Rhlið Kiðey	Landeigendur	Kerfill	já	já	Skógur				já				Reitt	Fjöregg	2	
Rhlið Geitey	Landeigendur	Kerfill	já	já		Gervi- gígur		já	já				Reitt	Fjöregg	2	
Rhlið Síreyjar	Landeigendur	Kerfill	já	já				já	já	já			Orfláttur/ reitt	Fjöregg	10	
Rhlið Kálfshólmi	Landeigendur	Kerfill	já	já						já		Undirlagður lítill hólmi	Orfláttur/ reitt	Fjöregg	15	
Vogar/Vogafjós	Ólöf H. og fl	Kerfill							já				Orfláttur/ reitt	Landvörður UST og landeigendur	4	
Geiteyjarströnd Landhólmi	Landeigendur	Kerfill	já	já						Já		Undirlagður hólmi	Orfláttur	Fjöregg og sjálfbóðaliðar	10	
Geiteyjarströnd Krókhólmi	Landeigendur	Kerfill	já	já						Já		Undirlagður að mestu	Orfláttur/ reitt	Fjöregg og sjálfbóðaliðar	6	
Geiteyjarströnd Háey	Landeigendur	Kerfill	já	já		Gervi- gígur		já					Orfláttur/ reitt	Fjöregg	1	
Geiteyjarströnd Héðinn norður	Héðinn S.	Kerfill		já				já	já				Orfláttur/ reitt	Sjálfbóðaliðar og landverðir	10	
Geiteyjarströnd Héðinn og suður	Héðinn S.	Kerfill		já					já				Orfláttur	Fjöregg	5	

Framhald																	
Svæði og staðsetning aðgerða	Landeigendur - umráðaaðilar lands	Plöntu- tegund	Verndarsvæði		Utan		Umfang					Athugasemd	Aðferð	Hverjir unnu	Klst.	Mat á árangri og æskilegar aðgerðir	
			Eyjar/ hólmar	Vatns- bakkar	Sérstætt gróðurfar	Jarð- myndanir	Stakar plöntur	Litlar eyjar	Stórar eyjar	Breiður							
Geiteyjarströnd Gunnar&Inger	Gunnar G. og fl	Kerfill		já							já		Stór lóð undirlögð	Orfláttur	Landverðir, landeigendur, Fjöregg og sjálfboðaliðar	52	
Geiteyjarströnd Sigbrúður	Sigbrúður S.	Kerfill		já							já			Orfláttur/ reitt	Landverðir og Fjöregg	5	
Geiteyjarströnd Þorsteinn	Þorsteinn E. og fl	Kerfill		já							já			Kindur átu	Landeigendur	0	
Geiteyjarströnd Borgarflöt	Landeigendur	Kerfill												Reitt	Fjöregg	1	
Kálfaströnd	Elín E.	Kerfill		já							já		Lóð vestan húss	Orfláttur/ reitt	Sjálfboðaliðar Ramý og Fjöregg	20	Stungið og reitt x2 síðar - Halda því
Höfði	Laufey S.	Kerfill									já		Trjárönd vestan húss	Stungið	Fjöregg	7	Stungið x3 - Halda því
Garður	Kári Þ.	Lúpína									já		Beitarhólf 3-4 staðir			0	
Skútustaðir	Landeigendur	Lúpína									já		Lóð norðan við hús			0	
Álftagerði v/Haganes.afl.	Landeigendur	Kerfill									já			Stungið	Fjöregg	1	
Arnarvatn	Hólmfríður	Kerfill		já lækjarb.							já		Þéttur sk. í gömlu túni	Stungið, brennt	Landeigendur, Fjöregg og fl.	30	
Arnarvatn/Hótel Laxá	Landeigendur	Lúpína									já		Í kringum hótél	Stungið	Landeigendur og Fjöregg	4	Líta eftir - stinga
Arnarvatn- Gautlönd Tíðask	Landeigendur	Lúpína									já			Stungið	Landeigendur og Fjöregg	6	Líta eftir - stinga
Arnarvatn	Sólveig J. og fl	Kerfill									já		Já við hús		Landeigendur	5	Líta eftir - stinga
Arnarvatn	Bergþóra E.	Kerfill									já		Skurður sunnan vegar	Stungið	Fjöregg	3	Líta eftir - stinga
Máskot-Stóralág	Landeigendur	Kerfill									já	já	Sunnan vegar	Stungið- saltað	Sjálfboðaliðar og Fjöregg	10	Líta eftir - meta stöðuna
Garður hjá Dísu og Pósthúsl	Kristján Y.	Kerfill									ja	já		Stungið	Landeigandi	6	Stungið upp 2x